

Janúar 2004

Dvalarheimilið Höfði,  
Akranesi

Rekstur og fjárhagsstaða  
árin 2000 - 2002



# Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>5</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2. FJÁRMÖGNUN ÖLDRUNARHEIMILA</b> .....	<b>9</b>
2.1 HJÚKRUNARRÝMI.....	9
2.2 DVALARRÝMI OG DAGVIST ALDRAÐRA .....	11
<b>3. AFKOMA HÖFÐA Í SAMANBURÐI VIÐ ÖNNUR HEIMILI</b> .....	<b>15</b>
<b>4. SAMANBURÐUR Á HJÚKRUNARHLUTA HÖFÐA VIÐ ÖNNUR HEIMILI</b> .....	<b>17</b>
4.1 HEILDARKOSTNAÐUR Á LEGUDAG.....	18
4.2 UMÖNNUNARKOSTNAÐUR.....	20
4.3 AÐRIR KOSTNAÐARLIÐIR.....	22
<b>5. SAMANBURÐUR Á DVALARHLUTA HÖFÐA VIÐ ÖNNUR HEIMILI</b> .....	<b>25</b>
5.1 HEILDARKOSTNAÐUR Á LEGUDAG.....	25
5.2 UMÖNNUNARKOSTNAÐUR.....	26
5.3 AÐRIR KOSTNAÐARLIÐIR.....	27
5.4 KOSTNAÐUR VIÐ DAGVIST.....	28
<b>VIÐAUKI I</b> .....	<b>31</b>
FJÁRAUKI 2002 V/HALLA ÖLDRUNARHEIMILA 2000-2002.....	31
<b>VIÐAUKI II</b> .....	<b>32</b>
AFKOMA ÖLDRUNARHEIMILA 1999-2002 .....	32
<b>VIÐAUKI III</b> .....	<b>36</b>
FRAMLAG RÍKISINS V/HJÚKRUNARRÝMA 2000-2001 .....	36
<b>VIÐAUKI IV</b> .....	<b>37</b>
EININGAKOSTNAÐUR 2000-2001 .....	37
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>40</b>



# Samantekt

Rekstur Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi var neikvæður um samtals 70 m.kr. á árunum 2000 til 2002. Hallinn er vegna dvalarrýma og nam 35,5% af tekjum vegna þeirra. Höfði sker sig ekki sérstaklega úr öðrum öldrunarheimilum hvað afkomu varðar. Alls fá 48 þjónustustofnanir fyrir aldraða fjárveitingar frá hinu opinbera til reksturs og voru langflestar þeirra reknar með halla á umræddu tímabili.

Kostnaður á legudag hjá hjúkrunardeild Höfða er hærri en nemur meðaltali hjúkrunarkostnaðar þriggja annarra blandaðra hjúkrunar- og dvalarheimila. Kostnaður þessara blönduðu heimila er hins vegar lægri en hreinna hjúkrunarheimila. Hjá Höfða er launakostnaður vegna umönnunar á hjúkrunardeild og kostnaður við mötuneyti hærri en hjá þeim heimilum með blandaðan rekstur sem tekin voru til samanburðar. Þetta skýrist m.a. af því að kostnaður við hvern umönnunartíma er tiltölulega hár hjá Höfða. Einnig hefur kostnaður Höfða hækkaði meira frá árinu 2000 en hinna heimilanna, einkum vegna launahækkana sem hjá ákveðnum starfshópum voru á bilinu 35-40%. Þannig hækkaði launakostnaður vegna umönnunar hjúkrunarsjúklinga um 70% á tímabilinu og heildarkostnaður við hjúkrunarrými jókst um 50%. Samsetning starfsfólks er nokkuð önnur hjá Höfða en hjá hinum heimilunum og er hlutfall sjúkraliða tiltölulega hátt á meðan ófaglært starfsfólk er færri en á hinum heimilunum.

Höfði er einnig með hæstan kostnað á hvern legudag dvalarrýma. Munar þar um 1.400 kr. á legudag miðað við meðaltalskostnað hinna heimilanna. Þá er mötuneytis-kostnaður vegna dvalardeildar Höfða hærri en hinna heimilanna. Kostnaður vegna lyfja- og hjúkrunarvara sem færður er á dvalarrými er einnig hæstur hjá Höfða. Þá sýnist kostnaður við dagvist Höfða vera nokkuð hár.

Rétt er að taka það fram að samanburður á einingakostnaði er nokkrum vandkvæðum bundinn þar sem öldrunarheimilin nota mismunandi aðferðir við að skipta kostnaði á milli þjónustueininga. Telja verður nauðsynlegt að heilbrigðis- og

tryggingamálaráðuneytið mæli fyrir um samræmda kostnaðarskiptingu í þeim uppgjörum sem ráðuneytið kallar eftir um rekstur öldrunarheimilanna.

Í fjáráskilum vegna ársins 2002 fékk Höfði 66,6 m.kr. til að jafna uppsafnaðan halla vegna dvalar- og hjúkrunarrýma. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur þrátt fyrir þetta talið að fjárhagsábyrgð ríkisins vegna dvalarrýma og dagvista takmarkist við rekstrarframlag sem ákveðið er í reglugerð og fjárlögum. Það sjónarmið hefur hins vegar komið fram af hálfu þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri Höfða að fjármögnun á rekstri dvalar- og hjúkrunarheimila sé hlutverk ríkisins og verði þeim útgjöldum ekki velt yfir á sveitarfélögin. Telja verður mikilvægt að ljóst liggi fyrir hver fjárhagsleg ábyrgð ríkisins er vegna rekstrar Höfða og annarra öldrunarstofnana.

# 1. Inngangur

Stjórn Dvalarheimilisins Höfða sendi Ríkisendurskoðun beiðni þann 13. mars 2003 um að stofnunin gerði fjárhags- og stjórnsýsluúttekt á rekstri heimilisins. Áður hafði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið farið þess á leit við stjórn heimilisins að gerð yrði slík úttekt enda hefði rekstrarafkoma heimilisins farið versnandi frá árinu 1999. Féllst Ríkisendurskoðun á að gera úttektina sem unnin var á tímabilinu september til desember 2003.

Dvalarheimilið Höfði er sjálfseignarstofnun sem lýtur forræði Akraneskaupstaðar og fjögurra sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar. Höfði er blandað heimili með hjúkrunarrými, dvalarrými og dagvist. Á heimilinu eru 78 íbúar, 41 í hjúkrunarrými og 37 í dvalarrými, auk þess sem þar er rekin dagdeild þar sem aldraðir geta komið og dvalið daglangt eða hluta úr degi. Heimilið starfar eftir skipulagsskrá frá ársbyrjun 1991.

Úttekt Ríkisendurskoðunar fólst í að greina ástæður hallareksturs dvalarheimilisins, en afkoma þess var neikvæð um 39 m.kr. árið 2002 og uppsafnaður halli á árabilinu 2000-2002 samtals tæpar 70 m.kr. Afkoma heimilisins var borin saman við önnur heimili aldraðra og kannað hvort hægt væri að tengja rekstrarvanda heimilisins einum þjónustuþætti frekar en öðrum. Upplýsingar í skýrslunni afmarkast við árin 2000 til 2002 nema annað sé tekið fram.

Vinnu við úttektina var hagað með þeim hætti að dvalarheimilið var heimsótt og rætt við forstöðumann, hjúkrunarforstjóra og forráðamann færniþjálfunar. Þá var rætt við starfsmenn öldrunar- og fjármáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, starfsmenn félagsmálaráðuneytis og öldrunarfulltrúa Akraneskaupstaðar, auk þess sem aflað var upplýsinga hjá embætti landlæknis og fjármálaráðuneytinu. Ennfremur voru bókhaldsgögn heimilisins greind og rekstraryfirlit borin saman við önnur heimili.

Kostnaður við þann þátt starfseminnar sem lýtur að hjúkrunarsjúklingum var borinn saman við kostnað á hjúkrunar-

heimilunum Eir, Skjóli, Droplaugarstöðum og Skógarbæ í Reykjavík og Sólvangi í Hafnarfirði sem öll eru hrein hjúkrunarheimili. Kostnaður vegna hjúkrunarrýmis var að auki borinn saman við kostnað við samskonar rými á heimilum með blandaðan rekstur. Kostnaður við dvalarrými, þ.e. sólarhringsvistun aldraðra sem ekki eru það veikir að þeir þurfi hjúkrunarrými, var borinn saman við kostnað Dalbæjar á Dalvík, Áss í Hveragerði og Dvalarheimilis aldraðra Borgarnesi sem henta vel til samanburðar vegna þess að þau eru öll blönduð heimili með dvalar- og hjúkrunarrými líkt og Höfði. Þrátt fyrir nokkuð ólíkar aðferðir heimilanna við að skipta kostnaði ætti samanburðurinn engu að síður að gefa góða vísbendingu um stöðu mála.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst er fjallað almennt um fjármögnun öldrunarstofnana, þá er vikið að afkomu Dvalarheimilisins Höfða í samanburði við önnur heimili og að lokum er kostnaður við rekstur hjúkrunar- og dvalarhluta heimilisins borinn saman við kostnað annarra heimila.



## 2. Fjármögnun öldrunarheimila

Rekstur öldrunarheimila hefur verið fjármagnaður með tvennum hætti, annars vegar með daggjöldum þar sem greitt er fyrir nýttan legudaga og hins vegar með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Í báðum tilvikum miðast greiðslur við þann fjölda vistrýma sem heimild er fyrir. Árin 2000-2002 voru heimili á daggjöldum 34 en 12 heimili og tvö reynslusveitarfélög fengu beinar fjárveitingar úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Frá og með árinu 2003 fá öll heimili aldraðra greitt samkvæmt daggjaldakerfinu. Fjárveiting til heimilanna er síðan mismunandi eftir því hvort um er að ræða hjúkrunarrými, dvalarrými eða dagvist.

### 2.1 Hjúkrunarrými

Með hjúkrunarrými er átt við sólarhringsvistun fyrir aldraðan einstakling sem þarf á aðstoð og aðhlyningu að halda og er of lasburða til að dveljast á dvalarheimili, í sambýli eða í sérhannaðri íbúð.

Árið 2003 var daggjald á hvern nýttan legudag í hjúkrunarrými á bilinu 11.245 kr. til 12.806 kr. á sólarhring. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákvarðar gjaldið með þeim hætti að þeirri heildarfjárveitingu sem veitt er í fjárlögum til heimila á daggjöldum er skipt á milli heimilanna eftir fjölda hjúkrunarrýma og meðaltals hjúkrunarþyngd (RAI-stuðli) hvers heimilis. Hjúkrunarþyngdin er metin skv. svokölluðu RAI-mati (*Residence assessment instrument* sem hefur verið þýtt sem „raunverulegur aðbúnaður íbúa”). Um er að ræða aðferð sem notuð er til að meta þörf einstaklings fyrir umönnun og liggja þá til grundvallar félagslegar aðstæður hans og líkamlegt og andlegt atgervi.

Árin 2001 og 2002 var hjúkrunarþyngd aðeins lögð að nokkru leyti til grundvallar daggjaldinu. Fyrra árið gildi RAI-stuðullinn 10% við ákvörðun daggjalda og seinna árið 50%. Frá og með árinu 2003 eru daggjöldin hins vegar alfarið byggð á

hjúkrunarþyngd hvers heimilis. Hún hefur hingað til verið metin árlega, en frá og með árinu 2004 er ætlunin að meta hana þrisvar sinnum á ári. Frá og með árinu 2003 fá hjúkrunarheimili sérstakt framlag til að standa undir viðhaldi húsnæðis, 2.000 kr. á fermetra á ári, upp að ákveðnu hámarki.

Íbúar á hjúkrunarheimilum greiða hluta daggjaldsins ef tekjur þeirra eru hærra en tæpar 35.000 kr. á mánuði. Árið 2002 námu greiðslur íbúa vegna hjúkrunarrýma á daggjaldaheimilum 87 m.kr. sem er um 2% af heildarútgjöldum heimilanna. Upplýsingar liggja ekki fyrir um greiðsluþátttöku íbúa í dvalargjaldi hjúkrunarheimila sem fengu beinar fjárveitingar úr ríkissjóði á fjárlögum.

**Tafla 1. Framlag ríkisins á legudag til hjúkrunarrýma árið 2002**

Í kr.	Framlag á legudag 2002	Breyting frá 2000	RAI-stuðull 2002	Leiðrétt meðalframlag v/RAI **)	Frávik framlags frá meðalframlagi	
Eir	11.552	19,1%	1,02	12.373	-821	-6,6%
Skjól	12.656	11,8%	1,02	12.373	283	2,3%
Skógarbær	12.848	17,4%	1,07	12.980	-131	-1,0%
Droplaugarstaðir	11.634	21,6%	1,06	12.858	-1.224	-9,5%
Sólvangur	14.322	16,4%	1,01	12.252	2.070	16,9%
Meðaltal *)	12.528	16,7%	1,033	12.528	0	0,0%
Höfði, Akranesi	10.951	22,7%	0,99	12.009	-1.059	-8,8%
Dvh. Borgarnesi	10.592	17,3%	1,01	12.252	-1.660	-13,5%
Dalbær, Dalvík	10.590	20,8%	0,93	11.281	-692	-6,1%
Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	10.986	14,7%	0,93	11.281	-295	-2,6%

\*) Vegið meðaltal út frá fjölda legudaga.

\*\*\*) Leiðrétt meðalframlag er t.d. reiknað þannig fyrir Höfða:  $12.528 / 1,033 * 0,99 = 12.009$ .

Taflan að ofan sýnir daggjöld vegna hjúkrunarrýma árið 2002, annars vegar til hreinna hjúkrunarheimila með fastar fjárveitingar, þ.e. Eirar, Skjóls, Skógarbæjar, Droplaugarstaða og Sólvangs, og hins vegar til nokkurra heimila sem fá framlög eftir daggjaldakerfinu, þ.e. Höfða, Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi, Dalbæjar og Áss. Sams konar töflur fyrir árin 2000 og 2001 eru í Viðauka III.

Til að geta borið daggjaldið saman á milli heimila þarf að taka tillit til mismunandi hjúkrunarþyngdar, þ.e. að reikna daggjaldið eins og öll heimilin hefðu haft sömu hjúkrunarþyngd. Í ljós kemur að fyrirtöldu heimilin fengu talsvert herra

daggjald, hvort sem tekið er tillit til hjúkrunarþyngdar með þessum hætti eða ekki. Þessi munur hefur þó farið minnkandi og er minnstur árið 2002. Einnig munar talsverðu á milli heimila innan hvors flokks, eins og taflan að ofan sýnir.

## 2.2 Dvalarrými og dagvist aldraðra

Með dvalar- eða þjónusturými er átt við sólarhringsvistun á dvalarheimili fyrir aldraðan einstakling, án þess að um hjúkrunarvist sé að ræða. Í skýrslunni er orðið þjónusturými og dvalarrými notað jöfnum höndum um sama hlutinn. Dagvist er hins vegar stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist er boðið upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mati á heilsufari, þjálfun, tómskundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Samkvæmt reglugerð nr. 921/2002 um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum ákveður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gjöld „til að mæta eðlilegum rekstrar-kostnaði“ á dvalarheimili og dagvistun án viðhalds húsnæðis. Vistgjaldið var 5.330 kr. á sólarhring á árinu 2003. Dvalarheimili og dagvistir fá einnig framlag til að standa undir viðhaldi húsnæðis, 2.000 kr. á fermetra á ári, upp að ákveðnu hámarki.<sup>1</sup>

Eins og í hjúkrunarrýmum taka þeir sem búa á dvalarheimilum þátt í að greiða hluta af ríkisframlaginu ef tekjur þeirra eru hærrí en rúmar 40 þús.kr. á mánuði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu stóran hluta af dvalargjaldi heimilismenn á dvalarheimilum greiddu á árinu 2002.

Til að mæta rekstrarkostnaði við dagvistun fyrir aldraða voru greiddar 3.210 kr. á árinu 2003. Innifalið í dagvistargjaldinu er kostnaður við akstur til og frá dagvistun ef með þarf. Þeir sem nýta sér dagvist greiða sjálfir hluta þessa gjalds, 500 kr. á dag, fyrir þjónustuna. Árið 2002 greiddi ríkið samtals 280 m.kr. til dagvistar. Tölur um greiðsluþátttöku aldraðra í dagvist liggja ekki fyrir.

Svo virðist sem það sé ekki að fullu ljóst hvort ríki eða sveitarfélög beri fjárhagslega ábyrgð á rekstri dvalardeilda og

<sup>1</sup> Frá 1. janúar 2004 gildir um þetta reglugerð nr. 971/2003 um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2004.

dagvista. Það hefur verið sjónarmið heilbrigðis- og trygginga- málaráðuneytisins að fjárhagsábyrgð ríkisins vegna þeirra takmarkist við rekstrarframlag sem ákveðið er í reglugerð og fjárlögum. Í bókun á bæjarráðsfundi Akraneskaupstaðar þann 21. nóvember 2002 var vísað í samþykkt bæjarráðs frá 16. desember 2000 þar sem fram kom sú skoðun bæjarráðsmanna að ætlast væri til þess að rekstur dvalarheimilisins Höfða væri innan þess ramma sem daggjöld frá ríkinu marka. Síðan segir:

„Fjármögnun rekstrar dvalar- og hjúkrunarheimila er samkvæmt lögum um málefni aldraðra hlutverk ríkisins og verður þeim útgjöldum ekki velt yfir á sveitarfélögin í landinu. Því kemur ekki til greina á þessu stigi að greiða niður halla heimilisins á árinu 2002 og 2003. Minnt er á að við yfirstandandi vinnu við gerð fjárlaga ríkisins fyrir árið 2003 og aukafjárlaga vegna ársins 2002 er gert ráð fyrir fjármunum til þess að rétta af þann greiðsluhalla sem er á dvalar- og hjúkrunarheimilum í landinu og er því treyst að dvalarheimilið Höfði fái réttlátan og eðlilegan hlut í þeim fjármunum til að standa undir rekstrarkostnaði.“<sup>2</sup>

Í fjárukalögum vegna ársins 2002 var veitt rúmum 1,1 ma.kr. til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla öldrunarstofnana á árunum 2000–2002. Fjárveitingunni var ætlað að jafna halla bæði vegna hjúkrunar- og dvalarrýma. Dvalarheimilið Höfði fékk 66,6 m.kr. sem skiptust á milli dvalar- og hjúkrunarrýma. Í athugasemdum sem fylgdu með lögum segir m.a.:

„Fyrirhugað er að koma til móts við uppsafnaðan halla þessara stofnana samkvæmt nánara samkomulagi og í samræmi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í því sambandi þarf að skoða nánar hver ber ábyrgð á þeim hallarekstri sem myndast hefur.“<sup>3</sup>

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að liggja alveg ljóst fyrir hver fjárhagsleg ábyrgð ríkisins er vegna rekstrar öldrunarstofnana. Stjórnunarleg ábyrgð á rekstrinum er í höndum þeirra aðila sem skipa stjórn viðkomandi stofnana og sjá þeir m.a. um að gera kjarasamninga við stéttarfélög starfsmanna. Eðlilegt virðist að skilgreint sé í lögum, reglugerð eða samn-

<sup>2</sup> Fundur bæjarráðs, 21. desember 2002.

<sup>3</sup> Fjárukalög 2002: 73.

ingum hver sé ábyrgð þeirra aðila sem að rekstrinum koma og með hvaða hætti skuli bregðast við ef t.d. er stofnað til útgjalda umfram tekjur.



### 3. Afkoma Höfða í samanburði við önnur heimili

Til þess að meta afkomu Höfða var nauðsynlegt að bera hana saman við afkomu annarra hjúkrunar- og dvalarheimila. Aflað var upplýsinga frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um tekjur og gjöld heimilanna og er notast við þær í þessari umfjöllun. Þar sem í ljós kom að upplýsingar ráðuneytisins stemmdu ekki í öllum tilvikum við ársreikninga heimilanna þurfti að gera nokkrar leiðréttingar á fjárhæðum til samræmis við ársreikningana. Eftir leiðréttingu batnaði afkoma heimilanna samtals um rúmar 150 m.kr. Ekki voru tók á að fara í gegnum gögn um hvert einstakt heimili fyrir árin 1999 til 2001 því að það hefði kallað á ítarlegri skoðun á ársreikningum einstakra heimila en úttektin gaf færi á. Ber því að taka afkomutölum fyrir þessi ár með nokkrum fyrirvara.<sup>4</sup>

Á árinu 2002 var halli Dvalarheimilisins Höfða 39,4 m.kr. sem er um 17% af tekjum. Árið 2001 var afkoman neikvæð um 29 m.kr. og um 1 m.kr. árið 2000. Samanlagt nam halli heimilisins þannig um 70 m.kr. þessi ár. Heimilið fékk á árinu 2003 aukafjárveitingu til að jafna rekstrarhallann.

Þegar horft er til annarra öldrunarheimila sést að yfirleitt var einnig halli á rekstri þeirra. Afkoma flestra heimila, þ.e. 41 af 48, var neikvæð á árinu 2002. Þar af voru 18 heimili með neikvæða afkomu yfir 10% og 12 með neikvæða afkomu yfir 15%.

Taflan hér að neðan sýnir afkomutölur fyrir hrein hjúkrunarheimili, blönduð hjúkrunar- og dvalarheimili, blönduð hjúkrunar- og dvalarheimila með dagvist, hrein dvalarheimili og að

---

<sup>4</sup> Munurinn á tölum ráðuneytisins og þeim sem fram koma í ársreikningum stafar af því að ráðuneytið notast við upplýsingar um fjárveitingar í fjárlögum en heimilin höfðu að auki fengið hækkun á daggjöldum vegna aukinnar RAI-hjúkrunarþyngdar og betri nýtingar en gert var ráð fyrir í upphafi. Þá höfðu launabætur verið tvítaldar í nokkrum tilfellum og greiðslur aldraðra fyrir dagvist ekki verið taldar með tekjum.

lokum dagvistir. Sundurliðun niður á einstök heimili er sýnd í Viðauka II.

**Tafla 2. Afkoma öldrunarstofnana árið 2002**

Í m. kr	Fjárveit. og daggjöld	Gjöld að frádragnum sértekjum	Afkoma ársins	Frávik frá framlagi	Fjáruki og millif. 2002	Staða í lok ársins
Hjúkrunarheimili	2.895,3	-3.169,2	-273,9	-9,5%	356,4	82,5
Hjúkrunar- og dvalarheimili	2.671,2	-2.904,5	-233,3	-8,7%	541,2	307,9
Hjúkr.- og dvalarh. m. dagvist	2.543,7	-2.715,8	-172,1	-6,8%	277,8	105,7
Dvalarheimili	277,0	-311,4	-34,4	-12,4%	66,2	31,8
Dagvist	260,6	-254,8	5,8	2,2%	23,9	29,7
Samtals	8.647,8	-9.355,7	-707,9	-8,2%	1.265,5	557,6
Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	229,7	-269,1	-39,4	-17,2%	66,6	27,2

Staða í lok árs er afkoma ársins að viðbættum fjáruka og millif. 2002. Taflan er byggð á upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Árið 2002 var afkoma 10 hreinna hjúkrunarheimila neikvæð um samtals 274 m.kr. eða 9,5% af tekjum. Afkoma 14 blandaðra hjúkrunar- og dvalarheimila var á sama tíma neikvæð um 233 m.kr sem er 8,7% af tekjum. Þá var afkoma 9 blandaðra hjúkrunar- og dvalarheimila með dagvist neikvæð um 172 m.kr. eða 6,8%. Afkoma 9 hreinna dvalarheimila var neikvæð um 34,4 m.kr. eða 12,4% af tekjum. Hins vegar var jákvæð afkoma í heild af rekstri þeirra 6 dagvista sem reknar eru án tengsla við öldrunarheimili. Afkoma Höfða var lakari en nam meðaltalsafkomu annarra blandaðra hjúkrunar- og dvalarheimila með dagvist, og var aðeins eitt heimili með lakari afkomu á árinu 2002. Hins vegar sker Höfði sig ekki úr hvað varðar neikvæða afkomu þegar horft er til einstakra öldrunarheimila.

Halli öldrunarheimila á árinu 1999 nam samtals 648 m.kr. Aukafjárveitingar og millifærslur af safnliðum til að jafna þennan halla námu það ár um 659 m.kr. Árin 2000 til 2002 nam samanlagður halli heimila 1.280 m.kr., en aukafjárveitingar og millifærslur 295 m.kr. Í fjárukalögum fyrir árið 2002 var samtals 1.157 m.kr. veitt til að jafna rekstrarhalla árána 2000 til 2002. Auk þess fengu nokkur heimili millifærslur að fjárhæð 111 m.kr. Að framansögðu er ljóst að aukafjárveitingar hafa jafnað út halla heimilanna á tímabilinu.



## 4. Samanburður á hjúkrunarhluta Höfða við önnur heimili

Til að meta kostnaðinn við rekstur hjúkrunardeildar Höfða var hann borinn saman við kostnað við rekstur hjúkrunardeildar á öðrum öldrunarheimilum. Annars vegar var Höfði borinn saman við hrein hjúkrunarheimili, þ.e. heimili sem bjóða eingöngu upp á hjúkrunarrými en eru ekki með dvalarrými eða dagvist. Þetta eru hjúkrunarheimilin Eir, Skjól, Skógarbær og Droplaugarstaðir í Reykjavík og Sólvangur í Hafnarfirði. Þessi heimili teljast öll stór auk þess sem þau fengu fast framlag í fjárlögum í stað daggjalda. Hins vegar var hjúkrunardeild Höfða borin saman við þrjú önnur heimili með blandaðan rekstur, þ.e. hjúkrunardeild, dvalarheimili og dagvist: Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi, Dalbæ á Dalvík og Ás í Hveragerði. Þessi heimili eru með á bilinu 50 til 100 íbúa og eru öll utan höfuðborgarsvæðisins eins og Höfði.

Nokkrum vandkvæðum er bundið að bera kostnað við hjúkrunardeild, dvalardeild og dagvistun hjá Höfða saman við önnur blönduð heimili með sömu starfsemi, vegna þess að heimilin skipta kostnaðinum á mismunandi hátt milli þjónustueininga, þ.e. þau nota hvert sína aðferð við að skipta honum. Dvalarheimilið Höfði skiptir kostnaði samkvæmt bókhaldi á þrjár þjónustudeildir sínar: hjúkrunardeild, dvalardeild og dagvistun. Öðrum kostnaðarliðum er skipt á 9 rekstrareiningar sem eru sameiginlegar fyrir heimilið og þeim er svo deilt niður á þjónustudeildirnar þrjár. Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi skiptir kostnaði samkvæmt reglum daggjaldanefndar sjúkrahúsa. Slík skipting felur í sér að öllum launum og launatengdum gjöldum er skipt á sama hátt, 54% á hjúkrunarrými og 46% á dvalarrými. Dalbær á Dalvík skiptir kostnaði á enn annan hátt. Rekstrarkostnaði er skipt á deildir eftir hlutfallstölum og eru þær breytilegar eftir því hvaða rekstrarliður á í hlut.

Dvalarheimilið Ás er gert upp sameiginlega með Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík og eru rekstrargjöld hjá Ási ekki sundurliðuð eftir deildum.

Mismunandi aðferðir við skiptingu kostnaðar gera samanburð á einingakostnaði erfiðan. Slíkur samanburður er þó nauðsynlegur til þess að hægt sé að meta hvaða stofnanir standa sig vel og hverjar standa sig síður. Á sama hátt torveldi þessar mismunandi aðferðir það að meta gæði þjónustu með tilliti til kostnaðar. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins stendur til að koma á samræmdri kostnaðarskiptingu fyrir hjúkrunar- og dvalarheimili og samræmdri framsetningu á ársreikningum. Samræmd kostnaðarskipting gerir mögulegt að bera saman einingakostnað heimilanna, sérstaklega ef einnig er hægt að taka tillit til mismunandi umönnunarþarfar á hverju heimili. Með því móti er unnt að meta rekstrarhagkvæmni heimilanna. Jafnframt gæti þurft að tryggja að heimilin uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur um gæði þjónustu, m.a. umönnunartíma, en ástæða er til að ætla að ekki sé fullt samræmi í skráningu hans hjá öllum heimilunum.

## 4.1 Heildarkostnaður á legudag

Í eftirfarandi samanburði verður notast við mælikvarðann „kostnaður á legudag“. Kostnaður á legudag hjá Höfða hækkaði um rúm 50% á tímabilinu 2000-2002 sem er mun meira en hjá samanburðarheimilunum. Að hluta skýrist það af afturvirkum launahækkunum, eins og síðar er vikið að.

Almennt hefur kostnaður við hjúkrunarrými hækkað meira en nemur hækkun framlaga vegna þeirra (sbr. töflu 1). Kostnaður á legudag hjá Höfða hækkað 22,5% meira en nam hækkun á framlagi. Hjá hreinu hjúkrunarheimilunum hækkaði kostnaður að meðaltali 6,5% umfram framlagið. Hjá Dvalarheimili aldradra í Borgarnesi jókst kostnaður 3,1% umfram framlag, hjá Dalbæ jókst hann um 9,3% umfram framlagið en aftur á móti var kostnaðarhækkun Áss í Hveragerði 2% undir hækkun framlags á tímabilinu.

Tafla 3. Heildarkostnaður á legudag árið 2002

Í kr.	Heildar- kostn. á legudag	Breyting frá 2000	RAI- stuðull	Meðal- kostn. leiðréttur v. RAI	Frávik kostn. og meðal- kostn.
Eir	13.124	27,4%	1,02	13.925	-5,8%
Skjól	13.974	18,7%	1,02	13.925	0,4%
Skógarbær	15.101	24,7%	1,07	14.607	3,4%
Droplaugarst.	13.340	27,1%	1,06	14.471	-7,8%
Sólvangur	15.446	25,4%	1,01	13.788	12,0%
Meðaltal	14.099	24,3%	1,033	14.099	0,0%
Höfði	12.523	50,3%	0,99	13.515	-7,3%
Dvh. Borgarnesi	10.570	20,9%	1,01	13.788	-23,3%
Dalbær	11.381	32,0%	0,93	12.696	-10,4%
Ás/Ásbyrgi	11.945	12,3%	0,93	12.696	-5,9%

Til þess að hægt sé að bera saman kostnað heimila þarf að taka tillit til mismunandi hjúkrunarþyngdar, en eðlilegt er að kostnaður sé hæst hjá heimilum þar sem hjúkrunarþyngdin er mest. Nota má RAI-stuðul hvers heimilis sem eins konar vísitölu til að reikna kostnað í samanburði við heimili með mismunandi RAI-stuðla. Ef meðalkostnaður hreinu hjúkrunarheimilanna er lagður til grundvallar fæst út að legukostnaður á dag er 13.652 kr. miðað við RAI-stuðul 1,00.

Miðað við hjúkrunarþyngd Höfða ætti kostnaður hreinu hjúkrunarheimilanna á hvern legudag að vera 13.515 kr. Árið 2002 var heildarkostnaður Höfða því um 1.000 kr. eða 7,3% lægri en að meðaltali. Á sama hátt var kostnaður Höfða tæp 14% undir meðalkostnaði hreinu hjúkrunarheimilanna á árinu 2001 og rúm 21% undir árið 2000. Kostnaður hjá Höfða hefur því hækkað hlutfallslega meira en hjá hinum heimilunum á þessu tímabili (sbr. Viðauka IV).

Halli hreinu hjúkrunarheimilanna á árinu 2002 var um 930 kr. á legudag þegar tekið hefur verið tillit til sértekna sem voru 637 kr. Svarar þetta til þess að kostnaður hafi verið 7,5% hærri en tekjur. Árið 2001 var kostnaður 2,7% eða 310 kr. umfram tekjur og árið 2000 var kostnaður 35 kr. eða 0,3% umfram tekjur. Til samanburðar var kostnaður á hjúkrunardeild Höfða 7,9% eða 860 kr. umfram framlög á árinu 2002 og 30 kr. eða 0,3% umfram framlög á árinu 2001. Aftur á móti var 1.400 kr. jákvæð afkoma árið 2000. Sértekjur Höfða námu 710 kr. á legudag árið 2002.

## 4.2 Umönnunarkostnaður

Hægt er að reikna út umönnunarkostnað á legudag, þ.e. kostnað vegna launa starfsfólks sem sinnir umönnun íbúa.

Kostnaður við umönnun hækkaði mikið hjá Höfða á milli áranna 2000 og 2002, eða um tæp 70%. Hækkunin er 57% ef horft er framhjá afturvirkum launahækkunum sem allar voru gjaldfærðar á árinu 2002. Á sama tíma hækkaði umönnunarkostnaður hreinu hjúkrunarheimilanna um tæp 23%. Jafnvel þótt tekið sé tillit til breytinga á hjúkrunarþyngd er þessi munur áfram til staðar.

Tafla 4. Launakostnaður við umönnun á legudag árið 2002

Í kr.	Kostnaður á legudag	Breyting frá 2000	Leiðréttur kostn. m.v. RAI-stuðul	Mismunur á kostn.og leiðr. kostn	Kostnaður á umönnunartíma
Eir	7.529	22,6%	8.200	-8,2%	1.422
Skjól	8.284	14,6%	8.200	1,0%	1.543
Skógarbær	9.460	23,4%	8.602	10,0%	1.505
Droplaugarstaðir	7.740	15,1%	8.522	-9,2%	1.658
Sólvangur	8.896	41,8%	8.120	9,6%	1.375
Meðaltal	8.303	22,9%	8.303	0,0%	1.483
Höfði	7.282	69,9%	7.959	-8,5%	1.906
Dvh. Borgarnesi	4.740	21,3%	8.120	-41,6%	1.570
Dalbær	6.819	50,5%	7.477	-8,8%	1.757
Ás/Ásbyrgi	6.883	16,8%	7.477	-7,9%	1.443

Umönnunarkostnaður á hjúkrunardeild Dvalarheimilisins Höfða var 7.282 kr. á legudag árið 2002, samanborið við 8.303 kr. að meðaltali hjá hreinu hjúkrunarheimilunum. Til þess að tölurnar séu samanburðarhæfar út frá hjúkrunarþyngd eru þær leiðréttar miðað við RAI-stuðul heimilanna. Þá fæst út að umönnunarkostnaður hjá Höfða er 677 kr. eða 8,5% lægri en hjá hreinu hjúkrunarheimilunum, þ.e. 7.959 kr. mínus 7.282 kr. Þessi munur hefur minnkað á síðustu árum, t.d. var hann um 32% á árinu 2000.

Skýringar á lægri kostnaði má að einhverju leyti rekja til styttri umönnunartíma á vistmann. Sams konar þróun hefur því átt sér stað hjá Höfða hvað varðar heildarkostnað og umönnunarkostnað, þ.e. kostnaðurinn hefur hækkar meira en hjá hreinu hjúkrunarheimilunum.

Tafla 5. Umönnunartími

Í klst.	Fjöldi vist- manna	Hjúkrunar- fræðingar	Sjúkra- liðar	Ófag- lærðir	Samt.	Hlutfall umönn.- tíma	Breyting frá 2000
Eir	129	0,99	0,63	3,67	5,29	5,53	9%
Skjól	101	1,10	0,94	3,33	5,37	5,53	11%
Skógarbær	79	0,83	2,00	3,46	6,29	5,80	0%
Droplaugarstaðir	68	0,81	0,74	3,11	4,67	5,75	-16%
Sólvangur	82	1,30	0,63	4,54	6,47	5,47	3%
Meðaltal	459	1,02	0,95	3,63	5,60	5,60	2%
Höfði	39	0,28	1,79	1,75	3,82	5,37	2%
Dvh. Borgarnesi	20	0,12	0,54	2,36	3,02	5,47	1%
Dalbær	23	0,50	0,77	2,61	3,88	5,04	-4%
Ás/Ásbyrgi	26	0,79	2,08	1,90	4,77	5,04	-8%

Dálkurinn hlutfall umönnunartíma sýnir umönnunartíma þegar hann hefur verið leiðréttur skv. RAI-mati heimilanna.

Þjónustustig öldrunarheimila má m.a. mæla í umönnunartíma. Umönnunartími eru þær hjúkrunarklukkustundir sem ráðstafað er á vistmann á sólarhring. Hjúkrunarklukkustundir eru inntar af hendi af hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og ófaglærðum starfsmönnum. Umönnunartími á sjúkling, mældur í hjúkrunarklukkustundum á sólarhring, var 5,6 tímar að meðaltali hjá hreinu hjúkrunarheimilunum og er það mjög svipaður tími og árin tvö á undan. Á sama tíma var umönnunartími hjá Höfða rúmar 3,8 klst. á sólarhring sem er svipað og árin tvö á undan. Að teknu tilliti til lægra RAI-mats Höfða sést að umönnunartími hjá Höfða er verulega lægri en hjá hreinu hjúkrunarheimilunum. Það sama á við um Dalbæ á Dalvík og Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði sker sig úr þessum heimilum, en þar var umönnunartími rétt undir meðaltali hreinu hjúkrunarheimilanna.

Hlutfall sjúkraliða er tiltölulega hátt hjá Höfða en þeir inna af hendi um 47% af umönnunartíma á hjúkrunardeild. Að sama skapi er hlutfall ófaglærðra starfsmanna við umönnun nokkuð lágt í samanburði við hin heimilin. Ef gert er ráð fyrir að sjúkraliðar veiti almennt betri þjónustu og séu hæfari til starfa en ófaglærðir er ljóst að munur á gæðum umönnunar er ekki eins mikill og mismunur í tímafjölda segir til um.

Ljóst er að kostnaður á hvern umönnunartíma var tiltölulega hár hjá Höfða á árinu 2002, þ.e. 1.906 kr., á meðan sambærileg tala fyrir hreinu hjúkrunarheimilin var 1.483 kr. Þetta ár var því hver umönnunartími hjá Höfða um 30% dýrari en að meðaltali. Hann var aftur á móti 7% ódýrari árið 2000. Hjá

Dalbæ var kostnaður á umönnunartíma einnig hár og hækkaði hann umtalsvert á sama tímabili.

Skýring á hækkun umönnunarkostnaðar liggur m.a. í því að laun hækkuðu á bilinu 7-25% samkvæmt kjarasamningum launanevndar sveitarfélaga við stéttarfélag starfsmanna Akraneskaupstaðar, en í því eru allir starfsmenn Höfða. Samningarnir voru flestir gerðir í lok árs 2000 og á árinu 2001. Jafnframt hækkuðu laun á árinu 2002 vegna breytinga á starfsmati einstakra hópa sem að hluta til var afturvirkkt til 1. maí 2001 og 1. október sama ár. Starfsmatið gaf umtalsverða launahækkun, t.d. hækkaði ófaglært starfsfólk um 15%. Sjúkraliðar hækkuðu einnig vegna breytinga á röðun í launaflokka sem m.a. stöfuðu af túlkun á kjarasamningi. Í heild var því meðaltalshækkun sjúkraliða á Höfða á bilinu 35-40%.

Í nóvember 2001 varð einnig breyting á vaktafyrirkomulagi hjúkrunarfræðinga á heimilinu og nam kostnaður af þeirri breytingu 2,1 m.kr. á árinu 2002. Að auki nam kostnaður vegna ófaglærðs starfsfólks og sjúkraliða um 12,6 m.kr. á árinu 2001 sem gjaldfærðist á árinu 2002. Af þessari upphæð voru um 5,4 m.kr. vegna hjúkrunardeildar Höfða. Ennfremur breyttust 2,5 stöðugildi ófaglærðs starfsfólks í umönnun í sjúkraliðastöðugildi í byrjun árs 2002. Meta má kostnaðarauka á hjúkrunardeild árið 2002 vegna ársins 2001 um 7,5 m.kr.

Stöðugildi á hjúkrunardeild Höfða hafa lítið breyst. Aftur á móti hefur yfirvinna starfsmanna aukist stórlega eða um 170% frá árinu 2000. Fram hefur komið að skýringin á meiri yfirvinnu er að heimilið hefur ekki fjölgað stöðugildum til að mæta afleysingum heldur mætt þeim með aukinni yfirvinnu. Álagsgreiðslur jukust um tæp 160% á sama tímabili. Þrátt fyrir að umönnunartímar á sjúkling hjá Höfða séu í lægri kantinum má ætla að þeir hafi í raun verið nokkuð fleiri vegna þess hve yfirvinna starfsmanna á deildinni er mikil og vegna þess að afleysingar hafa ekki verið teknar með í útreikninga á vinnumagni.

### 4.3 Aðrir kostnaðarliðir

Til að fá nánari samanburð voru tveir aðrir stórir kostnaðarliðir, þ.e. mötuneytiskostnaður og kostnaður vegna lyfja og hjúkrunarvara, bornir saman við upplýsingar sem tiltækar voru frá öðrum hjúkrunarheimilum. Við samanburð sem þennan

þarf að hafa hugfast að það getur verið breytilegt eftir heimilum hvernig þau haga ýmsum þjónustuliðum. Til að mynda hafa sum heimilin hagræði af því að reka saman framleiðslueldhús, en það er sérstakt fyrirtæki. Sum heimili reka ekki þvottahús sjálf heldur kaupa þá þjónustu af utanaðkomandi verktaka. Höfði rekur sitt eigið þvottahús.

### Mötuneytiskostnaður

Með mötuneytiskostnaði er átt við kostnað við laun starfsmanna í eldhúsi og matsal, kostnað við hráefni til matargerðar og annan rekstrarkostnað sem tengist mötuneyti. Fjöldi legudaga er síðan deilt upp í þá fjárhæð til að finna mötuneytiskostnað á dag.

Talsverður munur er á mötuneytiskostnaði öldrunarheimila. Lægsti kostnaðurinn er hjá Eir og Skjóli sem reka saman stórt eldhús. Samanburður við kostnað þeirra er því ekki að öllu leyti sanngjarn. Raunhæfara virðist að horfa til annarra blandaðra heimila, sbr. töfluna að neðan.

**Tafla 6. Mötuneytiskostnaður á legudag í hjúkrunarrými**

Í kr.	Heildar- kostnaður 2002	Launa- kostnaður 2002	Breyting á heildar- kostnaði frá 2000
Höfði, Akranesi	1.913	1.184	38,4%
Dvh. Borgarnesi	1.830	1.249	13,3%
Dalbær, Dalvík	1.357	728	30,0%
Ás, Hveragerði	1.739	1.216	27,0%
Meðaltal	1.638	1.062	23,2%

Af þessum fjórum heimilum með blandaðan rekstur er mötuneytiskostnaður hæstur hjá Höfða. Munar þar talsverðu, eins og taflan sýnir. Árið 2002 var mötuneytiskostnaður á hvern legudag 275 kr. hærri á Höfða en að meðali á hinum heimilunum. Í heild gerir það um 4 m.kr. á árinu 2002. Kostnaður hefur auk þess hækkað meira á Höfða frá árinu 2000 en á hinum heimilunum.

Ráðgjafarfyrirtæki gerði úttekt á stoðþjónustu Dvalarheimilisins Höfða fyrir árið 1999 og skilaði um það skýrslu

árið 2001.<sup>5</sup> Í skýrslunni var rekstrarkostnaður eldhúss heimilisins borinn saman við kostnað við eldhús Sjúkrahúss Akraness og skoðað sérstaklega hvort hagstætt væri fyrir báða aðila að reka saman eitt eldhús. Niðurstaðan var að slíkt væri ekki talið hagkvæmt.

Full ástæða virðist til að skoða nánar hvort tekjur sem fást af sölu fæðis til starfsmanna Höfða séu í samræmi við raunverulega notkun þeirra á mötuneytinu og hvort þær standi undir hráefniskostnaði. Frekari skoðun á öllum rekstrarþáttum mötuneytis heimilisins gæti skilað betri afkomu.

### Lyf og hjúkrunarvörur

